16
27. marz

SAMÞYKKT

um

breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928.

11. stafliður 2. gr. orðist þannig: Vatnsdalsvegur, af þjóðveginum vestan Vatnsdalsár hjá Klofasteini að suðvesturhorni Þingeyratúns.

Við staflið 14 í sömu grein bætist nýr liður svo hljóðandi:

c. Af Vatnsdalsvegi að Eyjólfsstaðaferju.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

17
27. marz

SAMÞYKKT

um einkasíma Múlabæjamanna í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Símar þeir, er samþykkt þessi nær til, eru: Símar frá Hvammstanga um Litla-Ós, um Múla, Gauksmýri, Efra-Vatnshorn og Neðra-Vatnshorn, Vatnshól, Núpshlíð, að Þóreyjarnúpi með hliðarálmum heim að Ytri-Völlum, þaðan að Syðri-Völlum, heim að Vigdísarstöðum og heim að Grafarkoti.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum annast hver búandi á einkasímasvæðinu er síma hefir.

Símafélagið stofnar sameiginlegan sjóð, er nefnist Varasjóður Símafélags Múlabæjarmanna, skammstafað V. S. M. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við viðhald einkasímalínunnar. Stjórn símafélagsins sér um viðhaldið.

Gjöldum til sjóðsins skal jafnað niður á gjaldendur símafélagsins á sama hátt og öðrum kostnaði við einkasímalínuna og sjái stjórn símafélagsins um að nægilegt fé sé fyrir hendi í sjóðnum á hverjum tíma til að greiða með kostnað við símabilanir. 17 27. marz

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu.

4. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í fyrstu grein og símalínurnar ná til, ganga í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Múlabæjamanna, og greiðir það kostnað þann sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim 3/5 hlutum stofnkostnaðar er landssíminn greiðir.

Kostnaði þessum skal jafnað niður þannig: að hálfu á eigendur fasteigna á svæðinu eftir núgildandi fasteignamatsverði, og að hálfu á alla gjaldendur til sveitar á samþykktarsvæðinu í réttu hlutfalli við útsvör þeirra á hverjum tíma.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári. Fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningunum skal sendast landsímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Kirkjuhvammshrepps og sýslustjórn Vestur-Húnavatnssýslu ábyrgjast starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varðar sektum allt að kr. 200,00, er renna í sveitarsjóð Kirkjuhvammshrepps.

Gjöldum til símans fylgir lögtaksréttur.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.